

1865.
15. júlí. Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að dómsmálastjórnin, eptir því sem ástatt er, veitir eptirgjöf þá, sem þér hafið mælt fram með.

15. júlí. **52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar 29. maímán. þ. á. um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekku um sig:

Uppgjafapresti Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni	60 rd.
— Guðlögi Sveinbjarnarsyni úr Hvammi . . .	15 —
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
— Jóni Jónssyni frá Miklabæ	15 —
— Jóni Guðmundssyni frá Hjaltastöðum . . .	35 —
— Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum . .	15 —
Prestsekkju Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum	30 —
— Salbjörgu Jónsdóttur á Hörðubóli	25 —
— Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti	20 —
— Kristínu Pálsdóttur á Brekku	27 —
— Oddnýju Ingvarsdóttur á Litluhvalsá	20 —
— Þóru Auðunardóttur á Auðkúlu	20 —
— Elínu Einarsdóttur á Leysingjastöðum . . .	30 —
— Guðríði Helgadóttur á Fremraseli	10 —
— Sigríði Jónsdóttur á Miðfjarðarnesseli . . .	10 —
— Þorbjörgu Guðmundsdóttur á Jörvík	16 —
— Sigríði Bergsdóttur á Litluheiði	12 —

Lateris 420 rd.

	Transport 420 rd.	
Prestsekkju Guðrúnu Ingvarsdóttur á Gularási	20 —	
— Guðnýju Jónsdóttur í Kálfholti	20 —	
— Margrètu Narfadóttur í Reykjavík	40 —	

1865.

15. júlí.

alls 500 rd.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það hlutaðeigendum, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Með því að stjórnarráðið hefir í hyggju að fara þess á leit við ríkisþingið, að framvegis verði veitt jafnmikið fê í þessu skyni, og veitt hefir verið þetta árið, þá skal skorað á yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um, að þetta verði heyrum kunnugt í tækan tíma á Íslandi, eins og sjá má að þér hafð annazt um árið sem leið, og hvetja hlutaðeigendur, er óska að haft verði tillit til þeirra, þá er úthlutað verður styrktarfê þessu, til að senda bænarskrár um það með nákvæmum skýrslum um tekjur þeirra og annan efnahag, og senda hingað síðan bænarskrárnar ásamt með uppástungum yðar um úthlutan styrktarfjár þessa næstkomanda fjárhagsár.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um jarðrækt á Vestmannaeyjum.

18. júlí.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafði farið þess á leit við dómsmálastjórnina, að sêr væri veittur myndugleiki til að leyfa ábúendunum á Þjóðjörðunum þar á eyjunum að rækta og girða um skika af engjunum eða haglendinu, er lægi næst tünnum þeirra, og sýslumaður mældi þeim út, ritaði dómsmálastjórnin stiptamtinu 20. júlímán. f. á. og skoraði á það að láta sýslumann þenna segja álit sitt um, hvort það mundi vera hagfellt, eptir því sem ástatt er þar á eyjunum, að hlutazt væri til um, að haglendi því, sem hér ræðir um, væri skipt, og ábúendunum gjört að skyldu hverjum um sig að